St. Thorarensen:

Stutt og einfǫld Ávísan

um

Maturta-Rækt.

Kh. 1816.

636
Ste

(3)
32

Simon Olafsson — 1816

+ Stutt og einföld Ávísan

fyrir

Bændur í Íslands Nordur- og Austur-Amti

um

fáeinra fyrir þá hentugustu Maturta-Rækt.

Med litlum Vidbætir

um Kartøfflur og Mykiu-Bløndun,

samantekin af

Stephani Thorarensen,

Riddara af Dannebrog, Conferentsrádi, og Amtmanni
í Íslands Nordur- og Austur-Amti.



Kaupmannahøfn 1816.

Prentad á kostnad Rithøfundsins hjá Bókþryckiara
Th. E. Rangel.

Þeim fáu frístundum sem mér næstliðin vetur hafa afgángs orðið frá embættisönnum og nauðsynlegum égin umsýslunum, hefi eg varið til að semia þetta ritkorn. Sú hrygg-elega fákiænska almenníngs í þeim efnum er jarðyrkiu viðvíkia, er orsök ritlíngsens til-veru, og í einhveriu litlu að bæta nockuð úr þeim hindrunum er hún leggur í veg fyrir jarðyrkiu framför her norðan- og austan-lands, er tilgángurin sem og hafði með að semia hann.

Egin reynsla og nockrar góðar bækur í jarðyrkiu vísendum hafa verið minn leiðar-vísir við samningu þessarar einföldu Avísun-ar, sem einunges er ætluð fákiænum og litt-reyndum bændum í mínu embættisumdæmi, en einganvegan þeim, er meira skynbragð-bera á jarðyrkiu og maturtarækt.

Med ánægiu hefi eg þess vísari ordid, at ecki allfáir bændur hér nordanlands eru á nockrum þeim seinast undanførnu árum med alvøru farner til at rækta ymsar maturta tegundir; giæti þessi ávísan þénad til at frama þeirra lofsverda atburdi, ályti eg þad yfridnóga umbun fyrir þad litla ómak sem eg hefi varid til at semia þessa stuttu og einfødu ritgiørd, hveria eg bid sérhvern hennar lesara ad vyrda á hægra veg.

Mødruvalla Klaustri, þann 24da Aug. 1815.

S. Thorarensen.

1 §.

Á því rídur nærsta mikid, ad valin sé til hentugur stadur, þar er kálgard skal byggia: Snúa á han móti sudri, og ef verda má vera í skióli vid hús eda hædir, svo skiól se fyrir nordanvindi. Kálgards veggurin má ei vera lægri en hálf þridja alin dønsk, einkum á þan vegin, er snyr til nordurs. Driúgast er ad kálgardurin se látin vera ferhyrndur, enn ei aflángur, ef svo er plátsi varid, þar verdur og til ad siá, ad vatn megi fá sem nærst vid gardin; því þess meiri verkatøf og ómak er ad sækja vatn og vøkva enar úngu pløntur, sem vatnsbólid er leingra í burtu.

2 §.

Jardvegurin skal heldur vera laus edur hylskin, en hardur eda fastur, og ecki rakur eda deigur, heldur þur. Best er svartmold, og einkargott, sé hún nockud sandblendin. leirjørd er ei hentug, utan mátuliga sé

blönduð með sandi. Fáist hvörgi rétt hentugur jarðvegur, þareð byggia mégi kálgarð, verður að betra han sem framast skéð getur. Leirjörð má til dæmis betra með því að blanda í hana sandi og hentugum áburði, og ef jarðvegurin er sendin, er allgott að blanda þari leirjörð. Sé jarðvegurin deigur eða rakt undir fæti verður að grafa vel diúpa skurði ígegnum garðin, svo vatnið nái að renna í burtu.

3 §.

Sé jörðin í kálgarðinum of mögur, er nauðsynligt að bera í hann áburð, enn gamall hlítur hann að vera og vel brunnin. Giarnast bruka menn kúa-mykju, enda er hún yfir höfuð best tilfallin. Rettgott er annars sauða- og hrossa-tað (þó ei undan gaddhestum á vetrardag) sé það gamalt og nóg brunnið. Það er og allskostar gott að blanda þessu þrennu saman og brúka svo. Það hefir eg líka siálfur reynt, að aska er allgóður áburður, hvört heldur hún er ný, eða þá grafin upp úr gömlum ösku haugum, og fyrir næpur og aðrar róu-tegundir má brúka ösku einsamla, og engan áburð annan, sé hann ei nægur fyrir hendi.

Þess vil eg her í einu eður eitt sinn fyrir öll getið hafa, er vel skyldi giætt, að fyrir næpur og róur, samt kálrætur undir jörðinni, má ei mykiubera garðin það sama ár og sá skal eður planta (gróðursetja), heldur

eiga menn ad sá þessum maturta-tegundum í þá jørd, sem ári ádur hefur feingid nægan áburd. Sé þessa ei giætt, er ad búast vid, ad fyrrnefndar rætur vaxi í nióla, tréni og verdi ónytar; enn fyrir jardepli, samt grænkál má mykjubera sama ár, og þessara matarurta er ablad, nema væri jardvegurin því feitari, edur og árinu adur nógsamliga mykjuborin. Þessvegna ættu menn helst ad sá róum, næpum og kálrótum undir jørdunni í þann hluta edur stycki af kálgardinum, er árinu ádur hefur feingid nógan áburd, og verid sád í annadhvørt grænkáli eda jardeplum. Þarfyrir ætti hvør einn bóndi, er leggur sig eptir fleiri maturtategundum, ad skipta gardi sínum í tvo edur fleiri parta, eins og hønum þykir best haga, og mykjubera svo þau stycki, hvar hann þá strax samsumars ætlar ad sá til grænkáls og jardepla, edur og hvørra annara kálurta, er sama ár ablast, og kálgardurin er mykjuborin. Árinu eptir skal skipta um, og sá róum og kálrótum í þau stycki, er árinu ádur hafa feingid áburd, og þá var ablad í kál edur kartofflur (jardepli).

4 §.

Tvent er ennú fyrir utan áburdin, hvar á miøg svo mikid rídur égi gardyrkjan vel ad luckast: þad eina er pælingin edur hvorsu gardurin er uppstúngin, og annad reitingin,

sem þarf er innifalin, að allur arfi og illgresi (óræsti) sé náqvæmlega burtplockað.

5 §.

Best fer að grafa eður pæla upp kálgarðinn á haustinn, svo frost og lopt nái því betur að þreyngia sér igégnum, og giöra jarðveginn hylskinn og lausann fyrir. Og er vel að mylia í sundur alla hnausana og klumpana (kéckina).

Sá sem pælir, má ecki taka mikið fyrir með rekunni í senn, eða stínga stóra hnausa, so því hægra verði, að mylia þá í sundur. Rekunni á að stínga svo diupt niður sem verður, og jarðlagið lofar. Þá hnausin er látin af rekunni, skal svo tilsiá, að það horfi niður, er áður visst upp, svo en nýa og frióf-sama mold verði ofaná. Arfi og grastaugir meigu ecki grafast með ofani, heldur skal, sem verður, tína þær úr, og láta í hrúgu sér, er síðan væri best að bera í mykiuhauginn, og láta svo fúna þar, hvar með það getur orðið góður áburður. Fái menn ei tækifæri til að pæla upp garðinn á haustinn, á að giöra það strax og verður á vorinn, heldst þá þyckt er úti, og um qvöld tíma, að ecki þorni ofmikið af sólunni. Ecki skal pæla upp stærra stycki í senn, enn í það skiptið (under eins) verður komist yfir að mylia og hrífa yfir svo jafnt sem verður, skal og taka úr allar arfa- og illgresis-rætur. Þó kálgarðurinn sé pældur upp á haustinn, á þó

aptur að stínga hann upp á vorin, og hrífa yfir, til at giøra moldina svo hylstna sem verður. Á haustin, þá pælt er upp, er sleppt at hrífa yfir.

Annars er þannig aðfarið þá hrífað er yfir: þegar menn á vorinn hafa vel og diúpt upp pælt eður grafið stykkiskorn í kálgarðinum, þó ekki stærra en svo í einu, að menn með hrífunni (tindakláru) nái allstaðar vel til þess stykkis, sem upp er grafið og þurfi ekki með fótunum að ganga ofaní hið uppstúngna stykki, hrífa menn það yfir, bæði lángs eptir, og um þvert með sterkri garðahrífu, í hvørri vera eiga sterkir járntindar, hérumbil hálft qvartil á leingd; og skal að þessu verið þartil búið er að mylia í sundur alla moldarkekki, og jafna yfir sem verður. Og þá lokið er að hrífa yfir og jafna þetta stykki, taka menn annað fyri, líkt sem fyrr að pæla upp, og fara so yfir með hrífunni. Er þetta látið gánga til skiptis, uns allt það stykki er búið, hvari menn þá strax ætta sér áð sá eður planta. Betra væri að tvær hrífur væru hafðar til að hrífa með, ønnur stærri og gistenntari, en ønnur þéttari, og mættu í þeirri þéttari — með hvørri hrífa skildi eptir að fyrst hefði verið látinn gánga um sú gistennta — vera góðir trétindar.

Enn áður sáð er eður plantað í þetta stykki, skal skipta því í mið bed eða garðreiti, hérumbil $1\frac{1}{2}$ álin á breidd, so úr gangvegunum til beggia hliða megi hæglega ná í

midt bedid til ad setia nidur plønturnar eda frækorninn. Gángvegirnir milli bedanna skulu vera hálf alinn á breidd, og giørast eptir snúru, sem løgd er nidur og streingd millum tveggia hæla, og sídan trodid lángs med snúrunni med bádum fótum jafnsidis.

6 §.

Ecki er minna komid undir þvi, hvørsu gardurinn er reittur, enn stúngin. Reitinginn er þari innifalin ad þá plønturnar i bedunum eru vordnar 1 og undir 2 þúmlúnga á hæd (hafi fræid verid sett nidur, enn ei plantur, enn ef plantad hefir verid, þá plønrunar aptur eru farnar ad rétta sig vid) hreinsa menn, vel dedinn, med ad slita upp, og burtplocka allan, arfa edur illgresi (oræsti), sem vaxid hefir milli plantanna, sem øllu er safnad í hrúgu, og borid burt i mykiuhauginn, hvar þad fúnar og verdur ad áburdi. Til þessamá vel brúka 8 ára gømul børn, og þadanaf elldri, sé þeim sagt rétt fyrir.

7 §.

Svo mikid sem á þvi ridur, ad gardurin sé vel grafinn og hrifadur, samt bedinn reitt, egi plønturnar ad ná fullkomnum þroska, þá er þó sokøllud huppan edur adþiappan miøg svo naudsynleg, einkum vid róur og (kartøflur) jardepli. Huppaninn er annars þari innifalinn, ad þá plønturnar, sosem róur,

jarðepli og kál, eru vorðnar hérumbil qvartil á hæð, er moldin kríngum þær losuð og graf-inn upp með svonefndu hupp-járni (í stað hvörs að brúka má annaðhvört litinn fram-mióan handspaða úr tré, eður og tómar hend-urnar); síðan er moldin, sem losuð er kríng-um plönturnar, eður rætur þeirra, strax látin að, og þiappað hægt með höndunum ríng-um leggina á plöntunum í kringlótta uppmióa hrúgu. Við það, að moldinn þannig er losuð kríngum ræturnar á plöntunum vaxa þær ei einungis miklu betur eptir, heldur og einnig upprætist á ný arfinn og hreinsast í burtu.

8 §.

Nú verð eg framvegis að vikia nockuð á vökvanninga, á hvörri einnig mikið ríður, egi plönturnar að vaxa og þróast, ef ecki koma vætur, því þá er eingin þörf að vökva. Vökvaninn er þá þari innifálinn, að menn stöckva vatni jafnt yfir beðinn í garðinum, með þartil tilbúinni dreifi- eða vatns-könnu (sprautu). Þá menn planta eður gróðursetia úngar plöntur, er áður hefir verið sáð til í sokölluðum mykiubeckium, — hvörra síðar verður getið — og þar látnar nockuð vaxa, þarf ei að vökva, nema um nockurn tíma eptir að plantað hefir verið, þartil er plönt-urnar hafa rétt sig við aptur, og eru farnar að ná nockrum vexti og styrkleika; likasem og einnig nefndur mykiubekur siálfur verður

eptir þerfum ad vøkvast. Þá ecki þarf leingur ad óttast fyrir næturfrostum, ætti heldst ad vøkva á qvøldinn um midaptans leiti. Enn búist menn vid frosti á nóttunni, eda og þesslega litur út, á ad giøra þad á morgnana edur um hadegisbilid. Svo verdur ad vökva ad nóg sé, nefnilega ad rótin vøkni, og vatnid nái ad síga ad henni, því sé ei til hlýtar vökvad gagnar þad so litid sem eckért. Næstu dagana eptir ad plantad hefir verid, er best ad vøkva daglega, einkum gángi þurkar og hitar. Annars þarf þad ei nema annanhvørn og þridiahvørn dag, eptir sem ástendur; og þá regn giører, er, eins og eg ádur sagdi, eingin þørf ad vøkva.

Vatn þad sem haft er til ad vøkva med, á ad vera gott og hreint, og heldst ecki blákaldt og í því skini væri best, ad því hefdi á undan verid ausid uppi kérhald eda tunnu í gardinum, og stadid þarí nockrar kluckustundir, til ad draga til sín il af loptinu og sólunni.

Med því nú, ad regluleg vatns- edur gards-kanna úr piátri, sem brúkud er til ad vøkva med, ecki verdur tilbúin hér í landi, og ætti ad útvega hana hiá kaupmønnum, mundi hún verda ofdýr fyrir fátæka bændur, sem nú, því midur, eru flestir þeirra, þá vil eg þess hér géta ad eg þecki eirn merkana og valinkunnan bónda, er árlega ablar (sær) miki) af káli og róum, og brúkar hann ullar þyrl eda skuf líkann Flauta þyrli til ad

vokra med, hvorium hann drepur ofani vatn, id, og steckvir svo yfiir bedinn í gardinum, og vinnur þad honum nær því sömu rentu og gardskanna, sem hugvitsamir og hagir menn hér mundu annars án efa géta búid til úr tré, so vid mætti hiálpast.

9 §.

Med því velflestir bændur hér fyri nordan eru, því midur, allt of ófródir um adferdina í ad fá og planta gardurtir, og hafa jafnvel alldrey haft tækifæri til ad siá þann rétta máta og handlag þar vid, hlýt eg vera nockud fiölordur um hvörutveggiu þessi atridi; og er þó raunar, miklu hægra ad sýna hvörsu ad þessu verki skal fara, enn segia frá því, og hægra ad læra þad vid sión og vana, enn af fráskýringum eda bókum.

Sáninginn gétur verid med tvennu móti, nefnilega: 1.) þá búid er ad undirbúa og tilreida bedinn í gardinum, eins og lagt er fyrir í 5 §. hér ad framan, er streingd snúra edur snæri ödruhvöriumeginn yfir endilángt bedid, sídan giöra menn med vísi fingri smá holur fram med snærinu, og láta vera 2 til 3 qvartil milli hvörrar holu, er handa smá fræi, so sem káli og róum ecki þurfa ad vera dýpri enn hálfur þumlúngur; þá þetta er búid, láta menn milli fingra sér eitt frækorn í hvöria holu, eda lika 2 í sumar til vara, ef fræid væri ecki rétt gott, og plönturnar skildu því ecki allar koma upp, enn vaxi þá upp af

bádum kornunum, kippa menn eptirá annari plöntunni lempilega upp, þá hun er búinn ad fá 4 eda 6 blod, og planta edur gródursetia þar i bedinu, sem fræid hefir ecki komid upp. Sídan þá búid er ad láta frækorninn i holurnar, fylla menn þær, eda skara mold ofaní med fíngrunum, og byrgia hægt yfir, svo ei rótist, þó má undireins þrysta noekud i holurnar, svo hin lausa mold, sem er ofaná fræinu, ecki géti fokid burt, hvad litid sem golar. Þá nú þannig er búid, med fyrstu rodina, taka menn aptur upp snúruna, og streingia hana sem ádur yfir endilángt bedid, 2 til 3 qvartil frá enni fyrstu línu, og fara svo eins ad vid sáníngunu og fyrr. Þetta er látid gánga uns búid er þad stycki, er átt hefir ad sá i. Þá lokid er sádverkinu, er gott ad vökva strax en nÿ sánu bed, þvi þarvid festist moldin kríngum fræid, og gétur ecki svo létt fokid iburtu, þó vindur komi strax á eptir.

Hér fyri nordan er þad tídast, ad menn hvörgi meiga, né géta sád fyrr enn seint í Maï mánudi, og opt, ad ecki þarf ad huxa til þess fyrr enn í Junio. Brúki menn þennan sádmáta, þarf ad sönnu ecki ad planta aptur, þvi fræid er látid vera þar kyrrt, hvar þad alltaf um sumarid á ad vaxa; en þad er lika þad einasta, sem gott er vid þennan sádmáta, sem i rauninni er undirorpinn margskonar misfellum, einkum ef hvassvidri giörir strax á eptir, og þar ad auki er hann taffsamari

og ómaks meiri; enn hinn sídari, sem meiri hagnadur er samfara, og eg því vildi ráda øllum heldur til, sérdeilis þar vanir og vel æfdir ecki eru øllu leingur ad plauta, enn hér er ámianst um sáninguna, edur ad setia nidur eitt og eitt fræкorn, er uppá vissann hátt mikid líkist plantaninni (grodursetningunni) hvørad er hinu miøg svipud.

Sá annar máti er þari innifalinn, ad menn giøra litla grøf þar í gardinum, sem heldst liggur í hlé, og skiól er fyrir enum køldu nordanvindum, samt best uær til sólar. Svo eru enn nú flestir gardar hér fyri nordan, ad grøf þessi þyrfti ei vera stærri enn 1 eda mest 2 □ álnir (ferhyrndar álnir), og skal hún vera um 3 til 4 qvartil á dýpt. Sídan fylla menn hana med áburdi, heldst nýiu hrossatadi, og láta þar ofaná, hérumbil qvartils þyckt, nockud af mold þeirri, er uppúr hafdi mokast, enn mylia má hana ádur og jafna, litur þá þetta út álika og litid bed edur gardreitur. Bedi þessu skipta menn sídan í eins marga smáparta, og menn ætla ad sá margskonar frætegundum, og er svo í hvørt af þessum smá styckium sád einni frætegund. Þá búid er nú ad sá í þetta litla stycki, er eptir Þýdskum kallast mist- eda myckiu-beckur, róta menn fræinu med heyhrífu ófani, er þó ei má vera med digrum eda laungum tindum. Loks jafna menn yfir mykiubeckinn, og þiappa moldinni nockud nidur med bordi edur fiøl,

sem lagt er ofaná, og þrýst svo á. Er þannig farid yfir allann beckinn, og slétt med fiølinni.

Komi frost eptir ad búid er ad sá í mykiu-beckinn — sem einnig kallast gródrar-stía — verda menn ad láta til skióls ofan-yfir hann nockra bordstúfa, edur smáspítur, og þekia svo med torfi.

Í stad þessarar gródrarstíu má líka, ef gardurinn er lítill, ølluvel brúka einn eda fleiri smástampa, eda þá stocka, sem bera skal inn þá frost giørir, og setia svo út aptur á daginn einhvørstadar í hlé í gardinum, þá farid er ad hlýna í vedrinu.

Í gródrar stíuna, eda þá stockana, má sá snemma, eda um krossmessu leiti, og líka fyrri, ef manni so sýnist, og gott er í ári, ad pløntur fáist svo snemma, sem verdur, til ad setia nidur, hvad einkum er áridandi, ætti menn ad abla grænkáls, edur kálrabi undir jørdu, er svo kallast, en ecki svo hvad róur eda næpur snertir, er ei má sá né planta fyrrenn mestu nætur frost eru úti, því annars vilia þær vaxa í nióla, hvar vid rótinn trénar og verdur ónýt.

10 §.

Nú er ad segia frá plantaninni, edur plantanna nidursetningu og útplantan í gardinn, sem til hefir verid sád í gródrar stíunni, eins og í næsta §. er ávikid. Þá plønturnar í gródrarstíunni eru vordnar nógu stórar, og hafa 4 eda 6 gód blød, svo þeim verdur

plantad í gardinn, skipta menn bedum í gardinum, og tilreida (undirbúa) sem ádur er sagt. Sidan tekur madur med mestu giætni yockrar plöntur uppúr gródrarstíunni, og lætur tolla vid ræturnar so mikid af mold sem vill.

Medan plantad er, eiga menn ad hafa þær upp teknu plöntur sem mest verdur forsælis, ad þær ei visni um of af lóptinu og sólunni. Svo streingia menn snúru, eins og ádur er fyrisagt í næsta §., og stinga holu vid snærid med plöntunar-hæl er svo kallast, sem hafdur er í hægri hendi. Hællinn á ad vera sívalur og nidurdreginn, mótlíka gildur og medal kérti. Sidan er plantann tekinn med vinstri hendi, og sett med giætni nidur í holuna, og skal gánga upp ad hiartabladinu. Rótinn á ad koma bein nidur, og kreppast ei saman, edur bogna þá ofaní er látinn. Því næst er hælnum stúngid skáhallt ad holunni hvar í plantann er nidursett, og þrist ad rótinni, hvar vid holan fyllist af mold; en þá holu, er loks verdur eptir hælinn, hella menn fulla af vatni, og brúka þartil kétil eda stút-könnu, er þetta giört svo moldinn þrístist þess betur ad rótinni, og hún siálf géti feingid deigju.

Þá madur er ordinn vel vanur þessu verki, þarf ei, at kalla má, nema augnablik ad vera ad setia nidur hvöria plöntu; og þá þannig er búid ad planta í eitt bedid, géta menn enda látid börn vökva plönturnar á eptir, eda hella vatni í ofantédar holur.

Þá rætur þær, sem menn planta, eru lángar og grannar (veikar), er best ad skéra þad mióſta nedanaf med beittum knifi ádur madur setur þær ofani plöntu holurnar.

11 §.

Af því, er á undan er komid, má þad ráda, ad en heldſtu verkfæri, er einn bóndi, sem leggur sig eptir gardyrkiu, þarf ad hafa, eru þessi: a) gódur járnspadi, edur reka med járnbladi, til ad grafa med og pæla upp gardinn. b) Reka til ad hreinsa med gángvegina og moka úr þeim arfa og óræsti. Sé gott vár á, má vel brúka trérekur, enn betri er þó járnreka. c) 2 hrífur med járntindum, önnur stærri gistennt, og hin svo þéttari (minni), hvar med hrífad er yfir og jafnad eptir ad ádur hefir verid farid yfir med þeirri gisnari. Í stad ennar þéttari hrífu má, ef ecki er á odru völ, brúka hrífu med sterkum og laungum trétindum. d) Hyppjárn, enn sé þad ecki til, má og brúka trépada úr einhvöriu hördu, líka einnig tómar hendurnar. e) Vatns- eda kálgardskanna. Ef eingi vegur er ad fá hana, géta menn biargast vid þá adferd, sem gétid er um hér ad framan í 8 §. Loks eru og f) hiólbörur, miög hendtugar og naudsinlegar fyrir hvörn þann, er leggur sig eptir gardyrkiu, því bædi spara þær manni ómak, og flýta fyrir, og eru auk þess, í mörgu ödru tilliti, þörf eign í búi mans.

12 §.

Nú vil eg héreptir géta þeirra maturta, er bændur helst ættu að dyrka og leggia sig eptir, og eru það þá: a) kálrabi undir jordu, er svo kallast (Rótkál). b) Lángar- og stuttar róur, og c) Grænkál (grænt krullkál).

13 §.

Rótkáli (kálrabi undir jordu) á að sá í grodrar stíu, á vorinn um sama leiti og grænkálinu svo snemma sem verdur (vanalega hérumbil midt í Maimánudi). Sídan er því plantad í kálgardinn, og skal moldin hvörttveggia vera feit, eda vel mykiuborinn (tødd), og diggilega grafinn.

Hálf alinn, eda þó helldur 3 qvartil, skulu vera milli hværrar pløntu, og eins lángt milli radanna í hværriu bedi. Þá menn planta edur setia pløntur nidur í moldina, er fremsti og miósti brodduninn skorinn nedanaf rótinni, hvar vid hún verdur gildari. Til pløntunar (gródursetníngar) skal einkum velia þær pløntur, er ei hafa nema eitt hiartablad. Ei má helldur á sumrinn skéra of mørg blød af pløntunni í kálsúpu, því þar vid hindrast rótinn frá að vaxa.

Annars álit eg best sé fyrir bændur og nota sælast, að dyrka þessa kálurt; því bædi er rótinn drúg, holl og smeck god átu, og þar ad auki má fullvel brúka blødinn sem grænkál, og bragda nærstum eins vel. Hægra

er og ad vardveita rót þessa káls um vetur, enn róur.

14 §.

Af róum (hvar til heyra enar svokølludu næpur) eru svonefndar Mai-róur, og enar gulu bótfelsku mest tidkadar, enda eru þær lita hendtastar.

Sá má þeim annadhvørt í gródrarstíuna, og planta sídan sem kálrabi undir jørdu, eda þó í bedinn í kálgardinum, hvar þær sídan skulu standa og vaxa um sumarid. Mai-róum má sá eins snemma og káli eda kálrabi undir jørdu, en hvørki næpum, né hinum gulu bótfelsku róum skal sá fyrrenn midt í Junio, eda so sem 8 vikur af sumri. Hvørki má sá þessum róum né ødrum, eda kálrabi undir jørdu í nýtadda moldu (er nylega hefir verid mykiuborin), enn þó skal hún vera god og feit, einkum vel og diúpt grafinn, þad er ad segia um hálfa alinn, eda í hid mesta 3 qvartil nidur.

15 §.

Káli — hvar med hér meinast hid svokallada græna krullkál (því margskonar eru til kál tegundir) er sád svo snemma í mykiubeckinn, sem vedráttann og tidinn eptirlætur, og er sídan, eins og ádur er fyrilagt, gródursett í kálgardinum þá plonturnar eru búnar ad fá 4 eda 6 blød.

Verdur ádur vel ad undirbúa bedinn og mykinbera sama ár og kálid ablast.

Neita skal um grænkál, sem adrar gardurtir, þá arst fer ad koma upp og spretta í bedunum. Ad hyppa edur losa litid um plöntuna og þiappa sídan moldinni upp med plöntu leggnum, þad er ei svo öldungis naudsinlegt, enn samt gott, einkum-se kálid legghátt, því þad vex þá betur eptirleidis.

Róur þar á móti skildú menn ei forsóma ad hyppa, og losa moldina í kríng, einu sinni, eda þá optar á sumrinn, verkar þad, ad þær verda stærri, og vaxa sliótara.

Þess vil eg minnast í tilliti til káls- og róu-plöntunar, ad plönturnar eigu, eptir sem Danir þad kalla, ad setiast í samband eda skárending, er merkir ad plöntur í einni röd eigi skuli standast rétt á vid plönturnar í næstu röd til hlidar, helldur vera midt fyrir opinu eda bilinu milli þeirra, svo plönturnar standi hérumbil á þessa leid: . . . . hvarvid loptid betur gétur . . . . . . sogad imillum plantanna, ... og þær siálfar haft meira rúm til ad vaxa og breida sig út.

16 §.

Ad þessi litla Avísan ei yrdi leingri og fiölordari, hefir eg ad sinni ecki viliad tala um fleiri gardurtir, enn þær fáu alleina, sem á er vikid, sosem enar mest áríðandi og hend-

túſtu fyri bændur, ſvo einn ſem annan hér fyri nordan, einkum kálrabi undir jørdu (hvar af blødinn meigu, eins og ádur er áminnſt, brúkaſt í ſtadinn fyrir grænkál), einnig róur og næpur, þar eg tel þad víſt, ad þeir bændur, er ei hafa tækifæri, vilia edur áſtundan á ad koſtgiæfa eptir megni dýrkun og abla þeirra Gardurta, er nú hefir eg í ſtyttſta máta ávikid, og ſvo audveldlega tímgaſt, ſamt þyrftu nær því alldrei ølldúngis ad misluckaſt, utan hér á hørduſtu utkiálkum, munu enn nú ſídar vilia leggia ſig eptir ad dýrka adrar fínnri og torveldari garðurtir af þeim margskonar maturtum, er útlendar þiódir giarnan plaga ad rækta og láta vaxa í matourtagørdum ſínum.

Vidbætir.

Med því sumir bændur í Vadla Sýslu hafa nú í nockur næst undanfarinn ár biriad á ad taka upp og leggia sig eptir jardepla dýrkun, og sumum luckast þad sæmilega vel, líka þadan jafnvel farinn ad breidast út híngad og þángad í Hegranass- og Þíngeyar-Sýslu, þá þad og virdist, sem almenníngur sé einkar fús og viliugur til ad leggia fyri sig abla þessa mióg nytsamlega ávaxtar, so vil eg í þessum stutta vidbætir fátt eitt víkia á, hvørnig réttast eigi, og hendtast sé ad dýrka jardepli hér fyri nordan í því smáa, eda þá litid er fyrirtekid, og vísa ad ødruleiti í því skini til þess Ritlings, er Lewer, fyrrum Factor á Akureyri, lét þar um útgánga á prent árid 1809.

Þeir er vilia leggia fyri sig ad dýrka og abla jardepla, meigu í því tilliti einkum og sérdeiles velia sér þar til hendtugann stad, bædi hvad snertir landslag, og moldar tegund (jardart) þar er byggia skal gard handa jardeplum.

Med því þessum ávexti koma einkar vel hlýindi, þá skal svo búa til jardeplagard, ad hann hallist og snúi rétt móti sudri, og liggi í hlé fyri hinum hvøssu og køldu nordanvindum.

Ei ridur svo á því ad vatn sé nærri, því þad er ei vandi ad vøkva jardepli.

Moldinn má og ecki vera deig edur rekenn, enn svo láus og vel grasinn, sem verdur.

Næst enni svörtu og feitu urtagardseda matmold, er svo kallast, er sandblendinn jardmold en hendtasta fyrir jardepli, og svo sandmold; eun vel má bera á hana, og blanda med feitari moldu. Hin stifna og seiga leirmold er alldeilis óhyndtug og óhæf til ad abla í jardepla.

Yfir høfud eigu jardepli ad hafa feita mold og lausa; því verdur, þar sem moldinn er møgur, sosem er sandmold, ad bera vel á mykiu, skal þod heldst giøra á haustinn, og áburdurinn med sama grafast og pælast nidur í moldina, þó ei miøg diúpt. Gømul og velbrunnin kúamykia er hin besta, og skal blanda hana og drýgia ad þridiúngi edur fiorda parti med hreinni oskú, því af hrossatadi er hér í landi almennt ei mikils gagns ad vænta; þar hestum hér er ecki eins og í ødrum løndum gefin kiarni edur hafrar, og væri þad annars hér brúkad, yrdu þ ir hestar, er tadid væri undan, ad hafa verid vel aldir á tødu. Jardeplagard á, sem eg ádur minntist, heldst ad mykinbera á haustinn, og stínga þá strax einusinni upp. Vorid eptir skal aptur stínga upp gardinn svo snemma, sem tækt er fyri frosti, verdur þá ad grafa nógu diúpt, beria í sundur alla hnausa, rífa moldina og mylia svo vel sem møgulegt er, eins og handa róum, þar ad auki hreinsa vel úr allar grastaugir. Í hid minnsta skal grafa hálfa alinn

nidur, ef jardlagid, sem undir er, lofar. Géti menn ei borid á gardinn á haustinn, og grasid nidur mykiuna, verdur ad giøra þad á vorinn, stinga sídan upp moldina, rífa hana vel sundur og mylia svo vel sem verdur ádur jardeplinn eru sett nidur. Skal þad giøra svo snemma sem má, eda þá menn ei leingur þurfa ad vera hræddir um mikil nætur frost, er jardepli hvørki vor né haust þola, og svo er optast í ári hér fyri nordan, ad ecki er óhult ad setia nidur jardepli fyrr enn um Krossmessu, og enda seinna.

Jardepli eru þá á þennan hátt gródursett eda løgd nidur í þad stycki, sem þartil er ætlad og undirbúid. Menn streingia snúru um endilángt styckid, hálfa álin fra brúninni eda hlidinni, stinga svo nidur rekunni, og giøra holu rétt vid snúruna, ecki ort reku djúpt, leggia þar í sídan jardepli, og troda hægt nidur og skara moid ofanyfir. Skal vera tveggia eda þriggia þumlúnga þyck mold ofaná, og gild hálf álin milli hvørrar holu edur jardeplis sem nidur er sett. Þá þannig er búid ad leggia jardeplinn nidur í eina ræd, er snúrann tekinn upp, og mæld 3 qvartil frá enda holanum beggia vegna uppá styckid, hvar snúru hælunum þá er stúngid nidur og hún streingd á milli, giordar svo holur, og þar í logd jardeplinn, og skarad yfir moldu.

Sídan er farid ad øllu eins og sagt er í enni fyrri ræd, og látid svo gánga hvøria af annari, uns allt þad stycki er búid, sem

í þeßir átt ad setia jardepli. Þá jardepli eru nidursett, verdur ad giæta þess, ad eins sé farid, og lagt er fyrir í 15 §. um plantan á káli og róum, nefnilega, ad plöuturnar séu settar í skárending, enn ei hvør á móts vid adra.

Þá grasid uppaf er ordid hérumbil qvartil á hæd eru jardeplinn huppud, eins og fyrir er sagt um kál og róur, og er þad þarí innifalid, ad í hvørri rød er moldinn kringum jardeplinn losud og ýfd litid upp, skarad sídan saman í ávala hrúgu upp ad leggnum, á jardeplunum. Er þá og hreinsadur úr allur arsi, sem finnst og fyriverdur. Huppa skal sídan aptur á sumrinn einusinni edur optar, eptir því sem menn siá ad jardeplinn þróast. Best fer ad tveir séu vid ad leggia edur setia nidur jardeplinn, og má annar giarna vera únglingur, eda enda barn, er þá ei giørir annad, enn hiálpa til ad færa saurruna, og láta jardeplinn ofaní holurnar, þiappa þeim svo hægt nidur, og skara moldinni ofaná, svo gód fingurs þyckt, edur svosem 2 þumlúngar, sé yfir. Med þessu móti geingur verkid sliótast.

Med því hér nordanlands ei allstalldan svo fellur, ad menn bædi vegna nætur frosta, og líka kaka í jørdu ecki þurfa ad huga til ad setia jardepli fyrr enn um og eptir fardaga, og máské stundum ecki fyrr enn undir Jónsmessu, sem og einnig, ad menn, søkum frosts og kulda, alloptast megu taka þau upp aptur hérumbil í midiann September, hvaraf

slýtur, að þau hafa miög stuttann tíma til að vaxa á; þá vil eg hér géta eins meðals, sem brúkað er sumstaðar í Norvegi, og menn í líkann máta hafa notað sér í Vaðla Sýslu, og orðið að góðu gagni til að slýta fyri vexti jardépla, og fá þeim þess leingri tíma, að þróast í. Það skeður nefnilega svo, að maður tekur þau jardepli, er geimd hafa verið um veturinn til pløntunar, lætur þau í smá stocka (kassa), trog eða kollur (bala) 3ur eða 4um vikum áður enn menn þora að setia þau í garðinn vegna frosts, og hefur inni hús, hvar nockuð er hlýtt, svosem annað-hvört í baðstofu, eða jafnvel fiós, og fara þan þá um, skammt að gróa, og skióta friøangum (leggium), er á skulu vera þá þeim seinna verður plantað, skal leggia þau hægt niður í moldina, svo ángarnir brotni ei af. Og er þá að øllu eins farið við plantanina, og áður er áminnst. Við þetta vinna menn tíma, og þau jardepli, sem plantað er, verða þannveg fyrri til að friófgast og spretta.

Á haustinn, þá menn ei þora að láta jardeplinn standa leingur úti, eður liggia í jørdunni fyri frosti, sem er þeirra mesti óvinur, eru þau tekinn upp, moldinn hreinsuð vel burtu og þau borinn svo þurr sem verður inní hús, hvar þeim um veturinn álitst óhætt fyri frosti.

Jardepli eru tekinn upp á þennan hátt: Menn stinga með giætni reku eða spaða undir, pløntuna, og lypta henni upp úr moldinni;

undir eins tekur annar í grafid, og dregur hægt upp heila kérsid, og sér svo um, ad eckért detti af; ella verdur grafa til og leita í holunum. Er þá strax hreinsud í burtu øll mold, er vid tollir, og jardeplinn þurkud svovel sem verdur, ádur þau eru látinn inní hús til vetrar geimslu.

Frjósi jardeplinn á vetrum, skémmast þau alldúngis og verda ónýt bædi til átu, og líka gródursetníngar (útsáníngs). Vágt er annars ad vardveita þau fyri frosti um vetur, og hafa menn í ødrum løndum, hvar svo mikid ablast af jardeplum, nefnt til ýmis medøl hér á móti.

Fyri bændur á Íslandi, hiá hverium jardepla abli — í hid minnsta fyrst um sinn — ecki getur ordid stór mikill, mundi þad ráð hendtast ad grafa mátulega stóra grøf, 2 eda 3 álnir á dýpt ofaní gólfid í horni á badstofunni, búrinu eda eldhúsinu, og hlada hana upp innan med grióti og þurru rof-torfi, þekia vel botninn med þurrum sandi edur øsku, eda þá tad- og svardar-mylsnu, og láta þar ofaní jardeplinn, er ádur eigu vel ad þurkast; sídan byrgia menn grøfina med fjølum eda hlemmum (hurdar fløkum), láta þar svo ofaná qvartils þyckt af sandi eda þurri mold, og þekia allt seinast med rof torfi. Hafi menn ei fialir eda hlemma (hurdarflaka) þarf ei annad enn byrgia edur þekia grøfina med þurru heytorfi, samt sandi eda mold ofaná. Uppúr þessari, jard- eda gólf-

grysiu taka menn þá jardeplinn eptir hendinni, og byrgia aptur hvørt sinn er eitthvad er tekid. Á likann hátt, eda jafnvel í sama kiallara (gólfgrysiu) géta menn líka einnin vardveitt og geimt róur sínar á vetrum.

Þó meigu þær ei sleingiast saman vid jardeplinn; enn sé hvørttveggia geimt í sömu grøf edur kiallara, skal króa í milli, og endur- og sinnum skoda róurnar til ad vidra þær og varpa um (vinsa), því í fyrstunni kémur í þær velgia, og skemmast þaraf, nema vidr-adar séu og breiddar í sundur.

Eitt ord um mykiublending.

Vid því meiga menn maklega búast, ad sumir, enda vænir og skinsamir bændur hér, munu bera þad fyrir mót maturta- og jard-epla-dýrkun, ad þeir einganveginn megi missa nockud af þeirri kúamykiu, er tilfellur, frá túnum sínum eda vøllum, og játa eg, ad þessi fyrisláttur er ei án allra orsaka, ad því leiti øll, eda þo vel flest tún á Íslandi fá því midur árlega heldur alltof lítinn, enn of mikinn áburd.

Enn allt um þad skildu þeir þó, er bera þetta í vænginn betur ígrunda, hvørt sá áburd-ur, er þeir veria til maturta og jardepla yrkiu, ecki launar sig miklu betur, enn sá, er þeir brúka á tún sín. Og er þar á eingin vafi, ad þetta má fullyrda, svofram̄t gardyrkia er

vel stundud, eda eins og menn bædi mættu og ættu ad stunda hana.

Enn til ad ónýta og hneckia fyrislætti þessum, sem er á eingum stadi byggdur, vil eg kénna bændum hér, sem þari eru alltof fáfródir, ena einfølduftu og hæguftu adferd til ad fá uppbættann áburd þann, er þeir árlega mega brúka í kálgarda sína, edur þad stycki, hvar í rækta skal kál, róur eda jardepli.

Eg giöri þá ráð fyrir, ad til þessa styckis þurfi annadhvert ár ad vera 80 eda 100 hestum af áburdi, edur árlega 40 til 50 hestum.

Þetta úrdrag, og þótt meira væri, á og getur hvøreinn bóndi audveldt bætt sér, med haganlegum mykiublandíngi, er án mikils ørdugleika, og fyrirhafnar minnst skér þann veg: Á haustinn, þá búid er ad bera alla vetrar mykiu (frá því um veturinn, eda undanvetrinum fyrir) á vøllinn, og ádur aptur er farid ad safna enum nýa áburdi, bera menn heim ad fiósinu nockud af gódri moldu, er grafa má þar hendtast er útan túns, og breida hana álnar þyckt á botninn á haugstædinu. Ofaná þetta moldlag er daglega látinn enn nýa mykia úr fiósinu, uns eins þyckt lag er komid af mykiu ofaná moldina, svo er hér aptur ofaná borid eitt lag af moldu, og þetta látid gánga svo leingi sem má eda verdur fyri frosti, ad borid er eitt lag af mold í mykiu hauginn, og þar ofaná aptur

annad af mykiu, hvar med líka seinast á ad byrgia allann hauginn.

Yfir høfud væri þad einnig best, ad bera allt skarn og óklárindi, sem og líka alla øsku, er tilfellur hvad eptir annad á bænum, í mykiu hauginn, og blanda saman, hvar vid mykiann stórum gæti aukist.

Siálfsagt er, ad haugstædid á, bædi í søgdu tilliti, og annars allteins yfir høfud ad vera rétt lagad, nefnilega nockud nidurgrafid, samt fast og hardt, og heldst steinlagt í botninn, svo mykiuløgurinn, hvari er mestur kraptur, ecki giæti runnid í burtu eda sigid ofaní jørdina, og ætti ydulega ad ausa øllum þeim mykiuvessa, er í regni og þurkum safnast kríngum hauginn, yfir mykiunna, ad hún því fyrri nædi ad fúna og samanbrenna.

Þannig meina eg mig ónýtt hafa greindann fyrirburd um mykiu missir, er sumir hvørjir kynnu vilia yta á moti ad maturta og jardepla yrkia sé almennt upptekinn af bændum hér í Nordur- og Austur-Amtinu, því med tédum mykiublendíng og áburdar drýgindum má hæglega umstángs litid bæta hér og vinna þann áburd, er þartil þarf, og enda langtum meiri, og þad ætti hvør bóndi og búsitiandi madur á Íslandi ad taka upp, og kostgiæfa hid ýtrasta, til ad rækta med og betra tún sitt, þótt alldrei vildi hann leggia fyri sig ad dýrka róur eda jardepli, því fyri laungu sídan hafa enir bestu og reindustu jardyrkiumenn í Utløndum

játad þad fyri motmælalausann sannleika, ad sá umgétni áburdur, sem þannig tilhlýdilega er blandadur og samanbrunnin, sé ei einúngis eins gódur og kröptugur, og sá óblandadi, heldur enda í vissan máta betri.

Sá stuttleiki, er eg í blödum þessum hefi ordid ad brúka, leifir mér ecki ad fara fleirum ordum um þetta mikilvæga efni, edur hvörsu drýgia skal áburdinn med samblandan, mundi þad og hér ei koma ad neinu, ad tala um fleiri erfidari og margbrotnari adferdir til ad bæta og drýgia áburd, og held því nóg ad sinni ad minnast á þessa einu, sem bædi er audveld og óvönd, og hvör sá, er ecki vill siálfum sér svo vel, ad reina ad auka og drýgia áburd sinn med þessum hætti, sem allir hæglega géta, mundi lángt sídur rádast í ad giöra þad, ef þartil brúkast skildi annar margbrotnari og kostnadarsamari máti.

